

Reglur Sveitarfélagsins Hornafjarðar um námsstyrk fyrir starfsfólk leikskóla

1. gr.

Meginmarkmiðið með reglum þessum er að fjölga leikskólakennurum í leikskólum sveitarfélagsins í samræmi við ákvæði 14. gr. laga um menntun, hæfi og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leiksskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019, um að a.m.k. 2/3 stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í leikskólum séu mönnum leikskólakennurum.

Hvatt er til þess að starfsfólk í 100% starfi, samhliða námi, minnki við sig starfshlutfall til að draga úr álagi.

2. gr.

Reglur þessar ná til starfsmanna leikskóla sem;

- a) Stunda nám eða eru að hefja nám á háskólastigi í leikskólakennarafræðum til diplómu eða B.Ed. gráðu.
- b) Eru nú þegar með BA, BS eða B.Ed. próf og stunda eða eru að hefja meistaranám; M.Ed eða MT í menntunarfræði leikskóla.
- c) Reglurnar gilda um nemendur í fjarnámi.

Með námsstyrk er átt við:

- a) Að starfsmenn geti sótt um styrk að hámarki kr.50.000- á ári upp í skólagjöld, bóka- og ferðakostnað með framvísun kvittana fyrir kostnaði.
- b) Að starfsmenn í háskólanámi til leikskólakennararéttinda, diplómu, B.Ed. námi eða í meistaranámi í 100% starfi geti sótt um að skila 90% vinnuframlagi. Það er háð samþykki leikskólastjóra og fræðslustjóra.
- c) Að greidd séu dagvinnulaun sem starfsmaður verður af í náms- og þjálfunarlotum.
- d) Að á lokaári meistaranáms fái nemandur fjögurra vikna leyfi á launum til að ljúka verkefnaskilum, rannsókn og ritgerðarskrifum.

3. gr.

Eftirfarandi skilyrði eru sett fyrir námsstyrk

- Umsækjandi skal eiga lögheimili í Sveitarfélaginu Hornafirði.
- Umsækjandi sé í a.m.k. 50% starfshlutfalli í leikskóla í sveitarfélaginu.
- Umsækjandi skuldbindi sig til að starfa í leikskólum sveitarfélagsins í 24 mánuði eftir útskrift.
- Ekki er hægt að njóta þessara kjara lengur en sem nemur tíu námsönnum enda sé námsframvinda og árangur með eðlilegum hætti (miðað er við að lágmarki 60 eininga

ECTS nám). Að jafnaði skal miðað við að starfsmaður ljúki ekki færri en 10 ECTS einingum á hverri námsönn.

- Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að hafna umsóknum um námsstyrk á forsendum stuttrar starfsreynslu, ófullnægjandi námsframvindu og/eða umsagna leikskólastjóra.

4. gr.

Umsókn um námsstyrk vegna náms sem hefst að hausti skal skila til fræðslustjóra fyrir 1. júlí en fyrir 1. nóvember vegna náms sem hefst í upphafi árs. Fræðslustjóri og mannauðsstjóri fara yfir og meta umsóknir og eru þær afgreiddar tvisvar á ári, í ágúst og desember.

Í umsókn skulu koma fram greinargóðar upplýsingar um viðkomandi nám og námstíma. Umsögn viðkomandi leikskólastjóra skal fylgja umsókn.

5. gr.

Leikskólastjóri skipuleggur vinnutíma og vinnutilhögun starfsmanns vegna námsins. Námsframvinda og árangur skal vera með eðlilegum hætti og upplýsingar um námsframvindu skal komið til leikskólastjóra í lok hverrar annar.

Samþykkt í bæjarráði 13. júlí 2021

Matthildur Ásmundardóttir

bæjarstjóri

Viðauki

Aðgerðir til að hvetja leikskólakennara með búsetu utan Hornafjarðar til að ráða sig í leikskólana á Hornafirði.

- Sveitarfélagið aðstoðar við að finna húsnæði á almennum markaði.
- Sveitarfélagið greiðir fyrir flutning búslóðar fjölskyldu til Hornafjarðar (allt að 20 feta gám).